

Fimmtudagur, 1. apríl 2004

217. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 9/2004

Kvörtun Lögfræðilegs mats ehf. vegna meintrar mismununar á innheimtu virðisaukaskatts

I.

Erindið

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 18. júlí 2003, frá Birni Daníelssyni lögfræðingi f.h. Lögfræðilegs mats ehf. (hér eftir LM). Í erindinu kvartar LM undan úrskurðum skattstjórans í Reykjavík, dagsettum 10. apríl 2003, í máli félagsins varðandi innheimtu virðisaukaskatts sem LM telur brot á samkeppnislögum.

Í erindinu er málavöxtum lýst þannig að Björn Daníelsson reki fyrirtækið LM sem sérhæfi sig í örorkumatsgerðum vegna líkamstjóns skv. skaðabótalögum nr. 50/1993. Að slíku mati eigi að koma bæði lækni og lögfræðingur. Kveður LM félagið ekki sitja við sama borð og lækna við örorkumatsgerðir þar sem lækna þurfi ekki að innheimta virðisaukaskatt vegna gerðar slíkra mata sem LM þurfi hins vegar að gera. Þá telur LM að félaginu sé mismunað því skv. ákvörðun skattayfirvalda beri ekki að innheimta virðisaukaskatt af örorkumati þegar tryggingafélag er matsbeiðandi. Nægjanlegt sé að tryggingafélag sé annar matsbeiðandi til þess að ekki þurfi að innheimta virðisaukaskatt. Ef lögmaður eigi í hlut þurfi að innheimta virðisaukaskatt af matsgerðinni. Þetta hafi þær afleiðingar að neiti tryggingafélag t.d. að viðurkenna LM, ásamt lækni, sem matsaðila þurfi viðskiptavinur LM að greiða því sem nemur virðisaukaskattinum, eða 24,5% hærra gjald fyrir þjónustu LM en greiða þyrfti ef tryggingafélagið viðurkenndi LM sem matsaðila

Þá segir í erindinu að í upphafi rekstrar LM hafi félagið fengið þær upplýsingar að því bæri ekki að innheimta virðisaukaskatt af örorkumatsgerðum. Síðar hafi komið í ljós að það gildi aðeins þegar tryggingafélag sé einn matsbeiðandi, en LM beri að innheimta virðisaukaskatt sé lögmaður einn matsbeiðandi. Sökum þessa hafi LM lent í álagi vegna vangoldins virðisaukaskatts og sé það bein afleiðing af ofangreindri mismunun.

Kveður LM það á engan hátt geta staðist gildandi rétt að LM sé mismunað á þann hátt sem skattayfirvöld leggi til grundvallar í þeim úrskurðum sem kvartað sé yfir. Heldur

LM því fram að annað hvort verði allir að innheimta virðisaukaskatt vegna örorkumatsgerða eða enginn. Sé um að ræða tvöfalda mismunun. Í fyrsta lagi sé um að ræða mismunun á LM og þeim læknum sem vinna að örorkumatsgerðum vegna líkamstjóns. Kveður LM að þjónusta lækna vegna örorkumatsgerða sé ekki heilbrigðisþjónusta sem óumdeilanlega sé undanþegin virðisaukaskatti. Öll vottorð liggja fyrir þegar örorka sé metin og sé á þeim byggt. Læknisskoðun sú sem fram fari við matsfund sé í raun óþörf enda sé fyrirliggjandi fjöldi læknisvottorða. Til samanburðar sé hægt að nefna það að í Danmörku séu það fyrst og fremst lögfræðingar sem framkvæmi örorkumat og byggja þeir á fyrirliggjandi vottorðum. Bendir LM á að þeir læknafræðingar sem sinni örorkumati í dag séu ekki allir bæklunarskurðlæknafræðingar sem þó væri æskilegt t.d. vegna hálstögnunar o.s.frv. Þannig sé t.d. starfandi einn krabbameinslæknir og sé starf hans í engu frábrugðið starfi LM. Samt sem áður þurfi LM að innheimta virðisaukaskatt af sinni þjónustu en ekki læknirinn. Kveður LM þetta beina mismunun. Í öðru lagi sé um að ræða mismunun hvað LM varðar og möguleika lögmannna að kaupa þjónustu LM á sama verði og tryggingafélög. Kveður LM það ekki standast gildandi rétt að tryggingafélög geti þvingað lögmenntil að velja ákveðna matsmenn, t.d. þannig að LM sé undanskilið, eigi þeir að njóta hagræðis í því að ekki verði innheimtur virðisaukaskattur af örorkumatsgerðum. Þannig liggja fyrir að a.m.k. eitt váttryggingafélag hafi af ókunnum ástæðum neitað að viðurkenna LM sem matsaðila með trúnaðarlækni félagsins eða með öðrum lækni. Tryggingafélagið hafi þannig beinlínis þvingað lögmenntil að viðurkenna annan matsmann og hafi LM orðið fyrir fjártjóni vegna þess. Taka verði fram að lögmenntil vilji ekki styggja tryggingafélagin eða leggja út í þann aukakostnað sem e.t.v. reynist óþarfur t.d. vegna herra verðlags á örorkumatsgerðum þar sem leggja þurfi virðisaukaskatt á matsgerð. Eins og áður segi geti tapið vegna þessa lent á tjónþola sjálfum og standi hann þá uppi með 24,5% hærri reikning en ella.

Vísar LM til 1. gr., d - liðar 2. mgr. 5. gr. og 19. gr. samkeppnislaga ásamt álitum samkeppnisráðs nr. 8/1996, nr. 4/1997 og nr. 8/1999 máli sínu til stuðnings.

Að lokum kemur fram að það eitt að váttryggingafélag eða lögmaður sé matsbeiðandi hafi áhrif á skattskyldu hljóti að byggjast á misskilningi enda vinni matsmenn sama verkið hvort sem lögmaður eða váttryggingafélag sé matsbeiðandi. Þá sé erfitt að réttlæta það að LM sé mismunað gagnvart læknum við innheimtu virðisaukaskatts þegar læknafræðingar LM vinna í sameiningu örorkumat.

II. Málsmeðferð

1.

Erindi LM var sent skattstjóranum í Reykjavík og ríkisskattstjóra með bréfum Samkeppnisstofnunar, dags. 21. júlí sl., og þeim gefinn kostur á að koma athugasemdum sínum að vegna erindisins. Þá var fjármálaráðuneytinu gefinn kostur á að tjá sig um erindið með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 13. nóvember sl.

Svör ríkisskattstjóra og skattstjórans í Reykjavík bárust stofnuninni með bréfum, dags. 6. ágúst sl. Svar fjármálaráðuneytisins barst stofnuninni með bréfi dags. 18. nóv. sl.

Í athugasemdum ríkisskattstjóra segir að skattskyldusvið virðisaukaskatts sé skilgreint í 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt (vsk-lög). Skattskyldan nái annars vegar til allra vara og verðmæta, nýrra og notaðra og hins vegar til allrar vinnu og þjónustu sem ekki sé sérstaklega tilgreind í 3. mgr. greinarinnar. Í 3. málgreininni sé að finna tæmandi talningu þeirrar vinnu og þjónustu sem undanþegin sé virðisaukaskatti. Í athugasemdunum segir síðan að í samræmi við viðtekin lögskýringarsjónarmið, að undantekningar frá meginreglu séu skýrðar þröngt. Í skattaframkvæmd hafi verið talið rétt að skýra undanþáguákvæðin ekki rúmar en orðalag þeirra gefi beinlínis tilefni til.

Þá segir að undanþágur í 3. mgr. 2. gr. vsk-laga þýði að ekki beri að innheimta virðisaukaskatt af gjaldi fyrir þá vinnu og þjónustu sem þar sé tilgreind. Undanþágan taki hins vegar ekki til aðfanga til hinnar undanþegnu starfsemi, sbr. 4. mgr. 2. gr. Sá sem selur þjónustu sem fellur undir undanþáguákvæði 3. mgr. þurfi því að greiða virðisaukaskatt af aðföngum eftir almennum reglum. Virðisaukaskatturinn verði ekki endurkrafinn úr ríkissjóði í formi innskatts, enda sé innskattsréttur bundinn við aðföng er varða sölu á virðisaukaskattskyldri vöru og þjónustu skv. 1. mgr. 16. gr. vsk-laga. Ef aðföng varði í senn skattskylda sölu og undanþegna sé innskattsréttur hlutfallslegur, sbr. 5. gr. reglugerðar um innskatt nr. 192/1993.

Í athugasemdum ríkisskattstjóra kemur einnig fram að skv. 1. tl. 3. mgr. 2. gr. vsk-laga sé undanþegin virðisaukaskatti þjónusta sjúkrahúsa, fæðingastofnana, heilsuhæla og annarra hliðstæðra stofnana, svo og lækningar, tannlækningar og önnur eiginleg heilbrigðisþjónusta. Við skýringu þessa undanþáguákvæðis, varðandi skilgreiningar hugtakanna lækningar, tannlækningar og heilbrigðisþjónustu, þyki rétt að leita til sérlaga um þau svið. Þannig hafi í skattaframkvæmd ákvæðið verið skýrt svo að því er lækningar varðar, að undanþágan takmarkist við þá þjónustu manna er þeir inna af hendi á grundvelli leyfis til að stunda lækningar og kalla sig lækna sbr. ákvæði læknalaga. Í ljósi þess hafi í skattaframkvæmd verið litið svo á að undanþáguákvæðið

taki til læknisfræðilegs mats á ástandi manna, þ.m.t. á líkamstjóni vegna slyss og veikinda.

Ennfremur segir í athugasemdum ríkisskattstjóra að í 9. tl. 3. mgr. 2. gr. vsk-laga sé kveðið á um að váttryggingastarfsemi sé undanþegin virðisaukaskatti. Um sjónarmið að baki undanþágunni segi í athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 50/1988: „Aðalástæðan fyrir því að undanþiggja váttryggingastarfsemi er að hún er í eðli sínu alþjóðleg og er undanþegin víðast hvar erlendis. Undanþágan er því nauðsynleg af samkeppnisástæðum, enda er óframkvæmanlegt að skattleggja einstakar tryggingar sem innlendir aðilar kunna að kaupa af erlendum váttryggingafélögum. Enn fremur eru oft vissir tæknilegir örðugleikar á því að reikna virðisaukaskatti þessari grein. Þá styðja félagsleg sjónarmið þessa niðurstöðu þar sem ekki þykir eðlilegt að heimta virðisaukaskatt af ýmsum tryggingum svo sem líftryggingum og slysatryggingum, sem atvinnurekendum er skylt að kaupa fyrir starfsmenn sína samkvæmt kjarasamningum“.

Segir að undanþáguákvæðið hafi verið skýrt þannig í skattaframkvæmd að það taki til mats og virðingar á tjóni til ákvörðunar bótafjárhæðar, óháð því hvort matið er unnið innan váttryggingafélags eða utan þess, þ.e. óháð því hvort að váttryggingafélag felur starfsmönnum sínum að annast matið eða ef félagið kaupir matið af sjálfstætt starfandi manni. Helgist sú framkvæmd annars vegar af því að mats- og virðingarstörfin séu eðlilegur og nauðsynlegur þáttur í váttryggingarstarfsemi og hins vegar af samkeppnissjónarmiðum. Þá segir að undanþáguákvæðið þyki hins vegar ekki verða skýrt svo rúmt að það taki til annarra mats- og virðingarstarfa en þeirra sem unnin eru fyrir váttryggingafélög sem liður í váttryggingastarfsemi þeirra.

Að lokum kemur fram að í 2. mgr. 3. gr. vsk-laga sé kveðið á um að m.a. þeir sem undanþegnir séu skattskyldu skv. 3. gr. 2. gr., skuli greiða virðisaukaskatt af þjónustu sem innt er af hendi eingöngu til eigin nota og í samkeppni við virðisaukaskattskyld atvinnufyrirtæki. Í erindi ríkisskattstjóra segir að í 2. gr. reglugerðar nr. 562/1989 sé tiltekið af hvaða þjónustu skuli reikna virðisaukaskatt. Þar sé m.a. tiltekin þjónusta verkfræðinga, tæknifræðinga, lögfræðinga og annarra sérfræðinga er almennt þjóni atvinnulífinu og lokið hafa háskólanámi eða sambærilegu langskólanámi eða starfa sannanlega á sviði fyrrgreindra aðila og veita sambærilega þjónustu. Kveður ríkisskattstjóri að á grundvelli þessa ákvæðis beri váttryggingafélagi að reikna virðisaukaskatt og skila honum í ríkissjóð, af þeirri lögfræðilegri þjónustu sem fer fram innan félagsins og í þess þágu. Ákvæðið verði hins vegar ekki skýrt svo rúmt að það taki til mats og virðingar á tjóni til ákvörðunar bótafjárhæðar, enda verði ekki séð að slík störf falli undir þrönga afmörkun ákvæðisins á þjónustu af þeim toga sem háskólamenntaðir sérfræðingar veiti á grundvelli menntunar sinnar.

Í athugasemdum Skattstjórans í Reykjavík er vísað til tveggja úrskurða embættisins í máli LM, dags 10. apríl 2003. Kveður skattstjórinn að úrskurðirnir séu í samræmi við úrskurðafrákvæmd og ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra. Með vísan til nefndra úrskurða telur skattstjóri ekki ástæðu til að koma að frekari athugasemdum.

Í úrskurði skattstjórans í Reykjavík, dags. 10. apríl 2003, í máli Lögfræðilegs mats vegna viðurkenningarkröfu um að LM beri ekki að innheimta og standa skil á virðisaukaskatti vegna vinnu við örorkumatsgerðir, kemur fram að samkvæmt lögum nr. 50/1988 sé lögfræðipjónusta almennt virðisaukaskattsskyld. Byggist skattskyldan á meginreglu 2. mgr. 2. gr. laganna. Með lögfræðipjónustu sé fyrst og fremst átt við þá þjónustu sem lögmenn og aðrir lögfræðingar selja út til annarra í atvinnuskyni. Þá segir að skv. e-lið bréfs ríkisskattstjóra frá 17. janúar 1990, nr. 5/1990 séu matsstörf almennt skattskyld t.d. mat eignar til verðs vegna aðfarargerðar eða nauðungaruppboðs. Sama gildi um störf dómskvaddra matsmanna.

Með vísan til meginreglna laga nr. 50/1988 um skattskyldu og skattskyldusvið og með vísan til ákvarðandi bréfa ríkisskattstjóra var vinna LM við gerð örorkumatsgerða talin virðisaukaskattsskyld og kröfu LM um viðurkenningu á því að félaginu bæri ekki að standa skil á virðisaukaskatti hafnað.

Í athugasemdum fjármálaráðuneytisins, dags. 18. nóvember sl., er vísað til athugasemda ríkisskattstjóra, dags. 6. ágúst sl. varðandi kvörtun LM.

2.

Með bréfi Samkeppnisstofnunar til LM, dags. 8. ágúst sl., var félaginu gefinn kostur á að koma að athugasemdum sínum vegna framangreindra svara skattayfirvalda.

Í svari LM til Samkeppnisstofnunar, dags. 13. ágúst sl., segir að ekkert komi fram í athugasemdunum sem réttlæti meinta mismunum sem LM kveður fyrirtækið verða fyrir. Í ljósi þess vísar LM til erindis síns til Samkeppnisstofnunar, dags. 18. júlí sl., varðandi umkvörtunarefni sitt.

III.

Ákvörðun samkeppnisráðs

Á fundi samkeppnisráðs þann 1. apríl 2004 var mál þetta afgreitt. Þátt í fundinum tóku Kirstín Þ. Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Ragnheiður Bragadóttir.

1.

Í erindi LM er kvartað undan meintri mismunun á innheimtu virðisaukaskatts vegna gerðar örorkumats á vegum lækna annars vegar og lögfræðinga hins vegar. Þannig beri lögfræðingum að innheimta virðisaukaskatt af vinnu sinni við örorkumat en

læknum ekki. Kveður LM að með því sé verið að skerða samkeppnisstöðu lögfræðinga, mismununin leiði til þess að tjónþoli leiti fremur til læknis en lögfræðings.

Þá er kvartað undan meintri mismunun sem felist í því að tryggingafélög þurfi ekki að greiða virðisaukaskatt þegar þau séu matsbeiðendur en lögmenn og aðrir matsbeiðendur þurfi að greiða virðisaukaskatt. Sé verið að mismuna þeim sem þurfi á örorkumati að halda. Kveður LM það ekki geta staðist að tryggingafélög geti þannig stjórnað því hverjir starfi við matsstörf.

2.

Í upphafi þykir samkeppnisráði rétt að gera stuttlega grein fyrir fyrirkomulagi við mati á örorku. Tjónþola ber í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttar að sanna tjón sitt til þess að geta gert kröfu á hendur tjónvaldi. Til þess þarf tjónþoli að fá sérfræðilegt álit á örorku- og/eða miskastigi sínu, eða um þá læknisfræðilegu þætti skv. 2. og 3. gr. skbl. sem meta þarf til þess að uppgjör bóta samkvæmt lögnum geti farið fram. Þetta álit kallast örorkumat. Örorka er metin út frá fyrirliggjandi upplýsingum um heilsufar tjónþola fyrir og eftir tjónsatburð, t.a.m. læknisvottorðum og öðrum samskonar gögnum sem lýsa meðferðarsögu tjónþola og áhrifum tjónsatburðar á heilsufar tjónþola. Á grundvelli þessara gagna ásamt læknisskoðun sem framkvæmd er á matsfundi er fjárhagsleg örorka tjónþola metin og samin örorkumatsgerð. Yfirleitt koma tveir matsmenn að gerð matsins, eftir atvikum tveir læknar eða læknir og lögfræðingur. Að jafnaði fallast aðilar á örorkumatið og bætur eru greiddar skv. því. Hugsunin að baki þessari sérfræðilegu álitgerð er sú að sem flest mál leysist án þess að málið komi fyrir örorkunefnd. Hér er um breytingu frá fyrri framkvæmd að ræða þar sem örorkunefnd var áður matsaðili á fyrsta stigi málsins. Ef málsaðilar eru ekki sáttir við örorkumatið er hægt að áfrýja því til örorkunefndar. Örorkunefnd er því einskonar áfrýjunarnefnd í örorkumatsmálum. Sætti annar málsaðila sig síðan ekki við niðurstöðu örorkunefndar getur hann freistað þess að fá henni breytt eða hrundið með því að leita til dómstóla.

3.

Í fyrri hluta kvörtunar LM er því haldið fram að um mismunun sé að ræða í innheimtu virðisaukaskatts á vegum lækna annars vegar og lögfræðinga hins vegar vegna gerðar örorkumats. LM fjallar ekki sérstaklega um markaðsskilgreiningu í erindi sínu.

Í ljósi þess að kvörtun LM snýst um gerð örorkumats vegna líkamstjóns skv. skaðabótalögum lítur samkeppnisráð á markað fyrir gerð örorkumats sem skilgreindan markað málsins.

Í 10. gr. laganna þar sem fjallað er um mat á örorku og örorkunefnd segir „Þegar fyrir liggur sérfræðilegt álit um örorku- og/eða miskastig tjónþola, eða þá læknisfræðilegu þætti skv. 2. og 3. gr. sem meta þarf til þess að uppgjör bóta samkvæmt lögum þessum geti farið fram, getur hvor um sig, tjónþoli eða sá sem krafinn er bóta, borið álitid undir örorkunefnd. Heimilt er að óska álits örorkunefndar um ákvörðun örorku- og/eða miskastigs, án þess að fyrir liggi sérfræðilegt álit, ef málsaðilar standa sameiginlega að slíkri beiðni.“ Ekki er í greininni tilgreint nánar hverjum sé heimilt að gefa sérfræðilegt álit um örorku. Nokkrar vísbendingar er þó að finna í skbl. varðandi það hverjum sé heimilt að meta örorku eða miskastig tjónþola. Kemur fram í skýringum á 10. gr. í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 50/1993 að ætlunin með frumvarpinu sé að gerbreyta forsendum og grunni örorkumats. Horfið verði frá mati sem í aðalatriðum sé talið læknisfræðilegt. Í stað þess komi fjárhagslegt örorkumat sem feli í sér álit á því hvort og að hve miklu leyti geta tjónþola til að afla vinnutekna hafi skerst varanlega. Síðan segir að vegna þess sé nauðsynlegt að örorkumat verði ekki einungis í höndum lækna. Af þessu má ráða að læknir ásamt einhverjum óskilgreindum aðila skuli framkvæma örorkumat.

Að mati samkeppnisráðs má leiða að því líkur að ásamt lækni sé lögfræðingi heimilt að koma að örorkumati. Til að mynda segir í 2. mgr. 10. gr. skbl., eins og greininni var breytt með lögum nr. 37/1999, að í örorkunefnd eigi sæti þrír menn, þar sem tveir skuli vera læknar og einn lögfræðingur, sem einnig skuli vera formaður nefndarinnar. Bendir þetta að mati ráðsins til þess að lögfræðingur sé talinn hæfur til þess að framkvæma örorkumat ásamt lækni. Styrkist sú ályktun ennfremur í ljósi þess að örorkunefnd fjallar ekki einungis um fyrirbyggjandi örorkumat, heldur ef málsaðilar standa sameiginlega að þeirri beiðni, framkvæmir nefndin örorkumat.

4.

Í málinu er því haldið fram að vinna lækna sem innt sé af hendi vegna örorkumatsgerða geti ekki flokkast undir heilbrigðisþjónustu. Öll vottorð liggja fyrir í málinu og á þeim sé byggt. Sú læknisskoðun sem fram fari á matsfundi sé í raun óþörf og eigi því ekki að vera undanþegin virðisaukaskatti. LM sem lögfræðingi sé gert að innheimta virðisaukaskatt vegna vinnu við örorkumat og sé það mismunun.

Fyrir liggur að m.v. framangreindar athugasemdir ríkisskattstjóra og úrskurð skattstjórans í Reykjavík í máli LM að félaginu er gert að innheimta virðisaukaskatt vegna örorkumatsgerða en læknum ekki. Einnig hafa verið færð rök fyrir því að lögfræðingi sé heimilt ásamt lækni að framkvæma örorkumat.

Að mati ráðsins verða læknar og lögfræðingar að vera keppinautar á markaði fyrir gerð örorkumatsgerða til þess að framangreindur mismunur á innheimtu virðisaukaskatts geti haft samkeppnisleg áhrif. Ráðið bendir á að læknir kemur ávallt að örorkumati en lögfræðingi er vart heimilt að framkvæma slíkt mat án samstarfs við

lækni. Þannig er varla hægt að segja að læknar og lögfræðingar séu keppinautar á markaði fyrir örorkumatsgerðir heldur fremur samstarfsaðilar. Samkeppnisráð fær því ekki séð að samkeppni sé á milli lækna og lögfræðinga um gerð örorkumats, þannig að sú staðreynd að lögfræðingum sé gert að innheimta virðisaukaskatt fyrir vinnu sína, en læknum ekki, raski samkeppnisskilyrðum lögfræðinga á markaðnum. Einnig bendir ráðið á að svo virðist sem það auka álag virðisaukaskatts sem LM var gert að greiða með úrskurði skattstjórans í Reykjavík hafi verið sökum rangra upplýsinga sem LM fékk um skattskyldu félagsins, frekar en að álagið sé afleiðing samkeppnislegrar mismununar á virðisaukaskattsskyldu lækna og lögfræðinga.

Að þessu virtu telur samkeppnisráð að túlkun skattayfirvalda á skattalögum, hvað varðar virðisaukaskatt af örorkumatsgerðum, eins og fram hefur komið í máli þessu raski ekki samkeppni.

5.

Í síðari lið kvörtunar LM er því haldið fram að samkeppnisleg mismunun felist í því að ekki þurfi að innheimta virðisaukaskatt þegar tryggingafélag óskar eftir örorkumati hjá lögfræðingi, sem aftur á móti beri að gera ef t.a.m. lögfræðingur sé einn matsbeiðandi. Kemur fram í máli LM að með þessum hætti geti tryggingafélag þvingað lögmann til þess að velja ákveðna matsmenn eigi þeir að njóta hagræðis í því að ekki verði innheimtur virðisaukaskattur. Þannig hafi tryggingafélag neitað LM sem matsaðila og hafi félagið orðið fyrir fjártjóni vegna þess. Kveður LM þetta geta leitt til umfram kostnaðar fyrir tjónspola, sem nemi virðisaukaskattinum af matsgerð félagsins.

Að mati samkeppnisráðs er kvörtun LM óljós hvað þennan þátt málsins varðar. Þá sérstaklega varðandi það hvaða áhrif mismunandi reglur um virðisaukaskatt af örorkumati, eftir því hver er matsbeiðandi, hafa á samkeppnisstöðu LM.

6.

Í 3. mgr. 2. gr. vsk-laga þar sem fjallað er um aðila undanþegna virðisaukaskattsskyldu kemur fram að váttryggingastarfsemi nýtur undanþágu frá greiðslu virðisaukaskatts. Er þetta staðfest í framangreindum skýringum ríkisskattstjóra sem og úrskurðum skattstjórans í Reykjavík, þar sem kemur fram að vsk-lögin hafa verið skýrð með þeim hætti að váttryggingastarfsemi og þar með beiðni váttryggingafélags um örorkumat sé ekki virðisaukaskattskyld. Hins vegar eins og áður hefur komið fram þá, ef lögmaður er matsbeiðandi, ber örorkumatsgerð lögfræðings sem starfar við mat á örorku virðisaukaskatt.

7.

Í erindi LM er m.a. kvartað yfir því að tryggingafélög geti útilokað LM frá örorkumatsgerðum með því að hafna félaginu sem matsaðila. Má leggja þann

skilningi í mál LM að tryggingafélög teldu sér heimilt að hafa áhrif á hver kæmi að gerð örorkumats og hafi hafnað LM vegna þess, sem geti leitt til þess að mat LM beri virðisaukaskatt sem annars væri ekki sökum aðildar tryggingafélags að matinu. Á endanum gæti þjónþoli mögulega setið uppi með þennan aukakostnað vegna virðisaukaskattsins.

Ráðið vísar til þess að eftir að kvörtun LM barst samkeppnisyfirvöldum féll dómur héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E - 2000/2003. Í málinu var deilt um kostnað vegna örorkumatsgerðar. Tjónþoli lét meta örorku sína einhliða án aðildar tryggingafélags. Félagið vildi ekki una matinu og óskaði álits örorkunefndar sem breytti matinu lítillega. Deilt var um kostnað af upphaflega matinu sem tryggingafélagið átti ekki aðild að. Félagið neitaði að greiða matsgerðina sökum þess að því hefði ekki verið gefinn kostur á því að gæta hagsmuna sinna við framkvæmd þess. Taldi félagið að í því fælist að því hefði átt að vera gefinn kostur á að taka þátt í ákvörðun um það hver stæði að matinu.

Niðurstaða dómsins varð sú að sökum þess að tjónþola beri að sanna tjón sitt í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttarins til þess að geta gert kröfu á hendur þess sem ber bótaábyrgð á tjóninu þurfi tjónþoli sérfræðilegt álit. Ekki verði séð af skðabotalögum eða lögskýringargögnum að til þess hafi tjónþola borið að fá atbeina tryggingafélags. Því verði að telja að örorkumatsgerð sé eðlilegur þáttur í því að meta afleiðingar tjóns til þess að tjónþoli gæti krafist bóta og honum bæri ekki að fá til þess atbeina tryggingafélags. Matsgerðin teljist útlagður kostnaður vegna tjónsins sem tryggingafélagi beri að greiða.

Í ljósi þessa dóms virðist samkeppnisráði að tryggingafélög eigi ekki sérstaka aðild að örorkumati tjónþola og hafi ekki um það að segja hver komi að framkvæmd þess og geti því ekki hafnað LM í krafti þess. Jafnframt verður vart annað lesið úr dómnum en að matsgerðin teljist eðlilegur útlagður kostnaður sem sé nauðsynlegur til þess að tjónþoli geti sannað tjón sitt og sá sem ber bótaábyrgð á tjóninu beri að greiða en ekki tjónþoli.

Ráðið fær ekki betur séð en að sá skilningur sem kemur fram í nefndum dómi varðandi aðild og kostnað af örorkumatsgerðum leysi þá röskun á samkeppnisskilyrðum sem LM taldi félagið standa frammi fyrir.

Að þessu virtu telur samkeppnisráð að túlkun skattayfirvalda á skattalögum eins og hún hefur birst í þessum þætti málsins og að teknu tilliti til framangreinds dóms raski ekki samkeppni.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Samkeppnisráð mun ekki hafast frekar að í máli þessu.“